



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1532  
komudagur 27.3.2002

25. mars 2002

**Varðar umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis f.h. Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.**

Á 557. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar sem haldinn var þann 14. mars sl. var eftirfarandi bókun gerð:

14. mál. Umsögn bæjarverkfræðings dags. 12. mars 2002, varðandi frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, vísað frá 556. fundi bæjarráðs þann 7. mars 2002. Samþykkt með þremur atkvæðum að vísa frumvarpinu til heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis í stað umhverfisnefndar til umsagnar og afgreiðslu.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gerir eftirfarandi athugasemdir: Það kemur ekki nógu skýrt fram í lögnum hvað sé refsivert.

8.-10. gr.

Í greininni þarf að koma fram hvaða refsing liggur við broti á ákvæði greinanna, hver þáttur þarf að vera svo skýr að hann geti verið liður í efnislýsingu brots.

13. gr.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisfulltrúi sitji í svæðisráði. Eðlilegra er að fulltrúi Hollustuverndar ríkisins sitji í ráðinu ef talið er nauðsynlegt að slíkt ráð sé starfandi. Samkvæmt frumvarpinu á heilbrigðisfulltrúi að fara á vettvang þegar mengun verður utan hafnarsvæða til að meta umfang hennar. Þetta hlutverk er óskilt hlutverki svæðisráðs, er varðar rekstur og viðhald búnaðar í eigu hafna og æfingu og þjálfun starfsfólks hafna. Að mati Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis væri eðlilegast að viðkomandi slökkvilið beri ábyrgð á búnaði og aðgerðum á vettvangi, bæði utan og innan hafna, vegna bráðamengunar þar sem slökkviliðsmenn hafa mesta þjálfun til að takast á við slíka mengun.

14. gr. a.

Lagt er til að forgangur hreinsunar sé meiri þar sem strandsvæði hafa verið skilgreind sem viðkvæm skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Varðandi mengun innan hafnarsvæða er þess getið að hafnarstjóri annist minni háttar hreinsun á mengun. Ekki er getið hver annast hreinsun þegar um meiri háttar bráðamengun er að ræða. Þá þarf að geta þess hver hefur eftirlit með því að hreinsun sé

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

fullnægjandi. Í greininni er þess aðeins getið að tilkynna eigi Hollustuvernd ríkisins um mengunina. Réttara væri að segja í framhaldinu að Hollustuvernd ríkisins beri ábyrgð á að hreinsun sé fullnægjandi.

### 16. gr.

Í greininni er þess getið að þeir sem bera ábyrgð á mengun samkvæmt þessu ákvæði skulu taka ábyrgðartryggingu o.s.frv. Ekki er ljós hvað átt er við: alla sem hugsanlega gætu valdið mengun eða þann sem hefur mengað. Er hér átt við skyldutryggingu allra skipa sem fara um íslenska mengunarlögsögu? Ef svo er þarf að geta þess hver hefur eftirlit með að skip hafi tryggingu. Skýrt þarf að koma fram hver greiðir fyrir bráðabirgðahreinsun og úr hvaða sjóði.

Víða erlendis eru þekktir svokallaðir mengunarbótasjóðir sem bæta það tjón sem ekki verður bætt með tryggingum. Allir þeir sem gætu valdið mengun sjávar innan mengunarlögsögunnar þurfa að greiða í slíkan sjóð. Slíkur sjóður gæti einnig þjónað því hlutverki að greiða fyrir hreinsun til bráðabirgða. Hér er lagt til að í lögnum verði kveðið á um stofnun og rekstur mengunarbótasjóðs.

### 20. gr.


Lagt er til að málsgreinin: „Hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot.....viðkomandi sveitarfélag.“ verði felld út. Setninguna má skilja sem svo að eigendur eigi að bíða í tvö ár frá skipsstrandi og fjarlægja þau þá. Nauðsynlegt er að kveða á um skyldu eigenda strandaðra skipa til þess að fjarlægja þau sem fyrst og eigi síðar en 6 mánuðum eftir að skip strandar. Eftir því sem lengri tími líður frá strandi skips þangað til þau eru fjarlægð verður líklegra að skipið grafist í fjöru að hluta og ógerlegt verði að fjarlægja það.

### 21. gr.

Í greininni þarf að koma fram að gjald vegna eftirlits heilbrigðisfulltrúa sbr. gr. 14 b. fari skv. gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.

Afrit: Mosfellsbær.

Virðingarfyllt,

  
Þorsteinn Narfason,  
framkvæmdastjóri.